



258. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 16. nóvember 2017 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti ÍSí, Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson ritari, Ása Ólafsdóttir, Garðar Svansson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Lilja Sigurðardóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þráinn Hafsteinsson, Þórey Edda Elísóttir, Örn Andrésson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll: Ingi Þór Ágústsson og Jón Finnbogason.

Dagskrá:

1. Ólympísk málefni

PyeongChang 2018

Rætt um stöðu mála varðandi undirbúning fyrir leikana. Keppendur í göngugreinum hafa staðið sig vel á síðustu mótum.

World Beach Games

Farið yfir stöðu mála varðandi undirbúning.

2. Rammi fyrir afreksstefnur sérsambanda ÍSí

Örn Andrésson lagði fram tillögu Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí um lagfæringar á Leiðbeinandi ramma ÍSí um afreksstefnur sérsambanda ÍSí.

3. Fagsvið ÍSí

Þróunar- og fræðsluvið ÍSí

Ungmennasamband Eyjafjarðar hlaut viðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSí 13. nóvember sl. Forseti ÍSí afhenti viðurkenninguna í íþróttahúsi Hrafnagilsskóla að viðstöddum iðkendum, forsvarsmönnum sambandsins og aðildarfélaganna þess, forsvarsmönnum frá viðkomandi sveitarfélögum og öðrum gestum.

Þráinn Hafsteinsson formaður fagraðs sviðsins skýrði frá verkefni sem miðar að því að fjölga börnum af erlendum uppruna í íþróttum. Verkefnið er á höndum ÍR og Leiknis í Breiðholti í samstarfi við Reykjavíkurborg. Óskað er eftir stuðningi ÍSí við verkefnið. Stuðningurinn hefur ekki fjárhagslegar skuldbindingar heldur er frekar táknrænn. Samþykkt.

Almenningsíþróttasvið ÍSí

Garðar Svansson formaður fagraðs sviðsins skýrði frá ósk fagraðsins að breyta markhópi Nefndar um íþróttir 60+ í 50+ þannig að nefndin gangi undir heitinu Nefnd ÍSí um íþróttir 50+ hér eftir og starfssvið nefndarinnar verði útvíkkað í takt við það. Samþykkt að óska eftir greinargerð frá Almenningsíþróttasviði til að fylgja málinu eftir og taka það aftur fyrir á næsta fundi framkvæmdastjórnar ÍSí.

Kynnt var tillaga að breytingum á stefnu og markmiðum sviðsins. Málinu vísað til afgreiðslu á næsta fundi.

Umræður urðu um fjármögnun verkefna sviðsins.

Lögð fram tillaga um fjölgun meðlima Kvinnahlaupsnefndar ÍSÍ úr þremur í fimm. Tekið var jákvætt í tillöguna en framkvæmdastjóra falið að skoða útfærslu á því með sviðsstjóra.

4. Lok máls vegna kvörtunar Fimleikavara ehf yfir samningi FSÍ við Fimleika ehf.

Tekið fyrir bréf Samkeppniseftirlitsins þar sem fram koma lok máls vegna kvörtunar Fimleikavara ehf. yfir samningi FSÍ við Fimleika ehf. Samkeppniseftirlit hyggst ekki gera neitt frekar í málinu en telur að ábendingar og sjónarmið sem fram koma í bréfum Samkeppniseftirlitsins til FSÍ og Fimleikavara kunni að eiga erindi við ÍSÍ og sambandsaðila þess. Vísað til laganefndar ÍSÍ til umfjöllunar og álits.

5. Formannafundur ÍSÍ

Fundurinn fer fram á morgun, 17. nóvember, í Laugardalshöll og hefst kl. 15:30. Á undan verður óformlegur fundur íþróttahéraða haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal þar sem rædd verða ýmis sameiginleg hagsmunamál sem brenna á íþróttahéruðunum. Framkvæmdastjóri fór yfir dagskrá Formannafundarins en um 100 formenn og framkvæmdastjórar sambandsaðila hafa skráð sig til fundarins.

6. Formleg aðvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)

Forseti fór yfir feril málsins og las upp drög að svarbréfi til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Ráðuneytið óskað eftir umsögn ÍSÍ um formlega kvörtun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um ætluð brot íslenskra stjórnvalda gegn samningum um Evrópska efnahagssvæðið. Snýr málið að takmörkun á fjölda erlendra leikmanna, með ríkisfang innan Evrópska efnahagssvæðisins, í körfuknattleik á Íslandi. Körfuknattleikssamband Íslands hefur samþykkt að breyta 18. grein laga KKÍ og með þeirri samþykkt telur laganefnd ÍSÍ tryggt að reglur KKÍ séu án vafa í samræmi við ákvæði umræddrar reglugerðar Evrópusambandsins og ráðsins nr. 2004/38/EB um réttindi EES-ríkisborgara. Það sé því ekki þörf á sérstakri umsögn frá ÍSÍ um málið. Framkvæmdastjórn er sammála áliti laganefndar ÍSÍ og ofangreind drög að svarbréfi samþykkt. Skrifstofu falið að senda svarbréfið.

7. Útnefning í Heiðurshöll ÍSÍ

Formaður Heiðursráðs ÍSÍ kynnti tillögu ráðsins um útnefningu í Heiðurshöll ÍSÍ á hófi Íþróttamanns ársins 2017, 28. desember nk. Gerð er tillaga um Skúla Óskarsson fyrrverandi heimsmethafa í ólympískum lyftingum. Tillagan samþykkt samhljóða.

8. Formlegt heimboð Ólympíunefndar Póllands

Ólympíunefnd Póllands hefur sent forseta ÍSÍ og föruneyti formlegt heimboð til Póllands til að efla samskipti og samstarf á milli samtakanna. Samþykkt að þakka nefndinni fyrir gott boð og kanna möguleika á heppilegum tíma fyrir heimsóknina.

9. Heiðranir

Engar tillögur um heiðranir lágu fyrir fundinum.

10. Fundargerðir:

- 258. fundur framkvæmdastjórnar

- 20. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- 164. fundur Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ, 14. nóvember 2017
- Þróunar- og fræðsluvið ÍSÍ frá 19. október 2017
- Almenningsíþróttasvið ÍSÍ frá 31. október 2017
- Afrekssjóður ÍSÍ 6. október og 13. nóvember 2017
- Vinnufundur Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ frá 9. nóvember 2017
- Heiðursráð ÍSÍ, 6. nóvember 2017

Rætt um næstu afhendingar á Afreksmerkjum ÍSÍ. Heiðursráði falið að vinna nánari upplýsingar um þær kröfur sem þarf að uppfylla til að koma til greina sem handhafi merkisins. Málinu frestað.

- Verkefnasjóðs ÍSÍ frá 25. október 2017

Tillaga sjóðsstjórnar um úthlutun á þjálfarastyrkjum 2017 samþykkt. Sjá fundargerð Verkefnasjóðs.

11. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði framundan og til lengri tíma litið.

12. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur verður haldinn í hádeginu 7. desember nk. þar sem boðið verður upp á jólamat.

13. Önnur mál

Árþing ANOC

Forseti og framkvæmdastjóri sóttu fundinn sem haldinn var í Prag 4. og 5. Nóvember sl. Forseti er bjartsýnn eftir ferðina með að framkvæmdastjóri ÍSÍ nái kjöri í stjórn EOC á aðalfundi samtakanna sem fram fer í Zagreb 24.-25. nóvember nk.

Íþróttamaður ársins 2017

Hófið fer fram í Hörpu en verður að þessu sinni í Norðurljósasalnum í stað Silfurbergs vegna tvíbókunar.

Úthlutanir úr Afrekssjóði ÍSÍ

Undanfarnar vikur hafa samningar um fjárstyrki úr sjóðnum til einstakra sérsambanda verið undirritaðir. Nýtt fyrirkomulag við undirritun samninga hefur gefið sérsamböndum gott tækifæri til þess að koma sér á framfæri í fjölmiðlum, sem hafa verið með góða umfjöllun um hverja undirritun.

Fjárhagslegar upplýsingar

Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ fór yfir 9 mánaða uppgjör reksturs ÍSÍ. Staðan er góð og lítur út fyrir að hagnaður verði af rekstri sambandsins.

Sjálfbærni

Úlfur H. Hróbjartsson greindi frá árþingi Alþjóðasiglingasambandsins þar sem mikil áhersla var lögð á sjálfbærni í íþróttahreyfingunni.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari